

Fundargerð stjórnar Félags kvenna í atvinnulífinu (FKA)

Staður: Teams

Dagsetning: 10. mars 2021

Tími: 12:00 til 13:30

Mættar voru stjórnarkonurnar:

Áslaug Gunnlaugsdóttir (ÁG), Margrét Jónsdóttir Njarðvík (MJN), Ragnheiður Aradóttir (RA), Raket Lind Hauksdóttir (RLH), Unnur Elva Arnardóttir (UEA), Vigdís Jóhannsdóttir (VJ) sem og framkvæmdastjóri félagsins Andrea Róbertsdóttir (AR) voru viðstaddar fundinn. Hulda Ragnheiður Árnadóttir (HRÁ) boðaði forföll.

Dagskrá fundarins var sem hér segir:

1. **Dagskrá stjórnarfundar**
2. **Skýrsla framkvæmdastjóra**
3. **Ársskýrsla. Efni og fyrirkomulag**
4. **Ársfundur. Dagur, verkefnastjóri, skipulag**
5. **Stefnumótun (gult/rautt/grænt)**
6. **Þjónustukönnun. Úrvinnsla og kynning á henni**
7. **VR staðan og næstu skref. Rannsókn. JV.**
8. **40% afslátturinn**
9. **Afstaðnir viðburðir**
 - **Sýnileikadagur**
 - **Hádegi með stjórn**
 - **8. mars 2021**
10. **Önnur mál**
 - **Samningur við TTK Jafnvægisvog**
 - **Nýliðamóttaka #2 þann 16.3.2021**
 - **Afmæli FKA 9.4.2021 (22 ára)**

Varaformaður stjórnar, Ragnheiður Aradóttir, setti fundinn og bauð fundarkonur velkomnar. Engar athugasemdir bárust frá stjórnarkonum varðandi boðun fundarins, afhendingu fundargagna eða annað. Ritun fundargerðar var í höndum ÁG.

1. Dagskrá stjórnarfundar

RA setti fundinn.

2. Skýrsla framkvæmdastjóra

AR fór yfir skýrslu framkvæmdastjóra, m.a. stöðuna á bankareikningum félagsins. AR fjallaði um að á dagskrá væri fundur hennar með FKA Norðurlandi. Þá hefði hún fundað með VR vegna fyrirhugaðrar rannsóknar VR. Fram kom að þjónustukönnun FKA væri enn í gangi. Heimasíðan hefur verið til vandræða. Myndir hafa dottið út og ljóst að síðan þarfnast lagfæringar. Fram kom hjá AR að töluvert álag hefði verið á skrifstofunni. Mikið væri um símtöl og margir hefðu áhuga á samstarfi við FKA sem væri gleðitíðindi.

3. Ársskýrsla. Efni og fyrirkomulag

AR greindi frá því að fyrir dyrum stæði að skrifa undir samning við Birting um útgáfu ársskýrslu fyrir FKA. Það stendur til að gera mjög glæsilegt og veglegt blað. Félagskonur munu fá sendan hlekk á blaðið. Blaðið verður selt í verslunum og í gegnum heimasíðu Birtings. Útgáfa blaðsins mun ekki hafa í för með sér kostnað fyrir FKA. Ársskýrslan verður kynnt þegar nær dregur og borin undir stjórn. UEA mun hafa yfirumsjón með útgáfunni fyrir hönd FKA.

4. Ársfundur. Dagur, verkefnastjóri, skipulag

Ársfundur FKA verður haldinn þann 19. maí nk. Arna og Viktor hjá Fylgi eru tilbúin í að taka að sér fundarstjórn og fundarritun með sama hætti og á síðasta aðalfundi. Verið er að skoða staðsetningu fundarins sem vonandi verður bæði haldinn í raf- og raunheimum. Haldinn verður undirbúningsfundur með svipuðum hætti og fyrir síðasta aðalfund þar sem farið er yfir praktísk atriði varðandi rafræna hluta fundarins svo ekkert fari úrskaiðis á fundinum sjálfum. Stjórnarkonur voru sammála um að leita til félagskonunnar Elfar Logadóttur um að vera rafrænn kosningastjóri á fundinum.

5. Ráðstefna með landsbyggðarkonum

MJN greindi frá því að undirbúningur fyrir ráðstefnu með landsbyggðarkonum gengi vel og væri í fullri vinnslu. Ráðstefnan fer fram á Bifröst þann 17. apríl nk.

6. Þjónustukönnun. Úrvinnsla og kynning á henni

AR fjallaði um að þjónustukönnun hefði verið send út. Fimm markpóstar hafi verið sendir út og áminning birt á Facebook. Svörun mætti vera betri en næsta skref er að vinna úr niðurstöðum. Úrvinnsla könnunarinnar er í höndum VJ og verða niðurstöður kynntar á Facebook.

7. VR staðan og næstu skref. Rannsókn. JV.

AR greindi frá því að samstarf við VR væri í vinnslu. VR hefði lýst yfir áhuga á samstarfi við FKA í tengslum við jafnréttismál.

8. 40% afslátturinn

Stjórnarkonur tóku til umræðu þá ákvörðun stjórnar á árinu 2020 að veita 40% afslátt af félagsgjöldum FKA til kvenna innan sama fyrirtækis sem er að meirihluta í eigu FKA kvenna. Stjórn samþykkti að bjóða þau kjör áfram árið 2021 þar sem rekstrarforsendur eru áfram mjög þungar vegna Covid-19 hjá sumum fyrirtækjum innan FKA.

9. Afstaðnir viðburðir

- **Sýnileikadagur**

VJ sagði frá því að hún myndi halda fund með Sýnileikadagsnefndinni þann 11.3. Til stendur að taka saman það sem gekk vel og hvað hefði mátt betur fara. Sú tillaga var lögð fram á fundinum að Sýnileikadagurinn væri viðburður sem kominn væri til að vera. Sú tillaga var samþykkt samhljóða.

Jafnframt var ákveðið að sett yrði á fót sérstök Sýnileikanefnd þar sem félagskonur geta boðið sig fram til setu í á aðalfundi.

- **Hádegi með stjórn**

UEJ og RLH mættu hádegisfund með félagskonum FKA fyrir hönd stjórnar. Mættar voru konur sem nýlega skráðu sig í FKA og sem höfðu velt fyrir sér hvort það henti þeim að vera í félaginu. Viðstaddar kváðust hafa fengið mikinn kraft út úr því að hitta aðrar konur við þetta tækifæri.

- **8. mars 2021**

Fjallað var um velheppnaðan viðburð sem haldinn var á Alþjóðadegi kvenna þann 8. mars. Nasdaq Iceland (Kauphöllin), í samstarfi við UN Women á Íslandi og Samtök atvinnulífsins tók í fjórða sinn þátt í sameiginlegum viðburði á heimsvísu á meðal kauphalla um að hringja bjöllu fyrir jafnrétti kynjanna á Alþjóðadegi kvenna. Þema UN Women fyrir daginn í ár er #ChooseToChallenge sem vekur máls á kynjahlutdrægni og ójafnrétti en er einnig ætlað að fagna vinnu og afrekum kvenna. New Icelanders voru sérlega ánægðar með hvernig til tókst.

10. Önnur mál

- **Samningur við TKK Jafnvægisvog**

Fjallað var um að áframhaldandi samstarf yrði við verkefnastjórnann Telmu og að nú hefði verið undirritaður samningur um framlengingu á samningnum við Thelmu til eins árs.

- **Nýliðamóttaka #2 þann 16.3.2021**

Nýliðamóttaka FKA fer fram 16. mars nk. Þar mun Sigríður Bylgja varastjórnarkona í FKA segja sína reynslusögu. Fræðslunefndin sér um skipulag viðburðarins.

- **Afmæli FKA 9.4.2021 (22 ára)**

AR greindi frá því að þann 9. apríl nk. fagnar FKA 22 ára afmæli sínu. Af því tilefni væri búið að taka frá sal í Borgartúni en þar mega 25 manns koma saman. Ekki liggur fyrir á þessari stundu hvort sóttvarnarreglur leyfi að eitthvað verði gert í tilefni dagsins.

Fleira var ekki gert.

Fundi sliti kl. 13:30. Fundargerð þessi var samþykkt af stjórnarkonum.